

**Nd.**

**83. Frumvarp til laga**

[74. mál]

um skattfrelsi heiðursverðlauna.

Flm.: Magnús Kjartansson.

**1. gr.**

Heiðursverðlaun, sem menn fá án umsóknar frá stofnunum, innlendum eða erlendum, fyrir afrek á sviði lista og mennta, tækni og vísinda, skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari frá og með árinu 1969.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Á síðasta þingi voru samþykkt sérstök lög um skattfrelsi heiðursverðlauna, sem Halldór Laxness hafði hreppt úr dönskum sjóði, kenndum við Sonning. Við meðferð málsins kom fram, að óeðlilegt væri að setja sérstök lög af þessu tilefni einu; um heiðursverðlaun af slíku tagi þyrfti að semja almenna reglu. Menn voru hins vegar ekki reiðubúnir til þess á síðasta þingi að semja slíka reglu, og því er þess freistað öðru sinni að ná samkomulagi um þessa sjálfsgöðu breytingu.

Sem dæmi um þetta vandamál má nefna, að í haust fékk Magnús Már Lárusson, rektor Háskóla Íslands, heiðursverðlaun fyrir fræðistörf, kennd við Heinrich Steffen, frá Stiftung F. U. S. í Hamborg. Verðlaun þessi námu 25 000 vestur-þýzkum mörkum, eða um 550 000 íslenskum krónum, og samkvæmt gildandi lögum á Magnús Már Lárusson að greiða meiri hluta þessara verðlauna í tekjuskatt og útsvar. Vand séð er þó, hvers vegna önnur skattheimturegla á að gilda um þessi heiðursverðlaun en Sonningverðlaunin. Mörg önnur dæmi, hliðstæð þessu, mætti nefna um heiðursverðlaun frá erlendum og innlendum aðilum.